

107 an að greiða eptirlaun þau, er veitt voru formanni hans af tekjum prestakallsins, og lagt
17. júl. var fyrir síra Pál Pálsson í veitingarbrjefi hans að greiða af tekjum prestakallsins, og með því að málið eptir því, sem þannig liggur fyrir, ekki verður útkljáð með úrskurði mínum, eru það þjónustusamleg tilmæli mín, að stiptsyfirvöldin vildu útvega álit síra Páls Pálssonar um hið fyrirbyggjandi erindi og senda mjer það með þeim ummælum, er það kynni að gefa tilefni til.

Hinsvegjar virðist það sjálfsagt, að eptirlaun þau, sem uppgjafapresti síra Bjarna Sveinssyni voru veitt, er hann sleppti Stafafells prestakalli, eiga að greiðast honum af tekjum prestakallsins, þangað til málið hefir fengið fullnaðarúrlausn sína einkum með dómi, ef hlutaðeigandi sóknarprestur skyldi ekki vilja láta sjer lynda stjórnarúrskurð þann, er kynni að verða lagður á málið eptir nægilegan undirbúning.

Jeg vil því hjer með biðja stiptsyfirvöldin að annast um, að eptirlaun uppgjafarprestsins verði honum skilvíslega greidd af tekjum prestakallsins, þangað til spurningin um það er að fullu útkljáð, hvort landssjóðurinn eigi að greiða eptirlaunin, en til þess finnst að minnsta kosti engin bein heimild í eptirlaunalögunum.

108 — *Brjef landshöfðingja til biskups um árgjald brauða.* — Í heiðruðu brjefi frá
17. júl. 14. þ. m. hafið þjer, herra biskup, gjört þá fyrirspurn, hvort ekki sje sjálfsagt, að þær 2000 kr., sem eptir 6. gr. laga frá 27. febrúar þ. á. um skipun prestakalla eiga árlega að greiðast til uppgjafapresta og prestaekknna í staðinn fyrir árgjald af braudum, samkvæmt 7. gr. laga frá 15. desember 1865, verði, hve nær sem þess er óskað, eptir að nefnd lög hafa öðlazzt gildi í fardögum 1881, útborgaðar fyrir það ár eptir útborgunarskipun landshöfðingja, og sjerstaklega svo snemma, að þeim verði úthlutað á synodus í byrjun júlímánaðar.

Af þessu tilefni læt jeg ekki dragast að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að samkvæmt 18. gr. fjárlaganna, sbr. lög um skipun prestakalla frá 27. febr. þ. á. er að vísu fullkomin heimild til að ávísa hinni umræddu upphæð úr landssjóði fyrir fardaga árið 1881—1882, þegar þess er óskað, eptir að hin síðast nefndu lög hafa náð gildi; en með því upphæðin samkvæmt 6. gr. laganna kemur í staðinn fyrir árgjald það, sem eptir 7. gr. tilskip. frá 15. desember 1865 hvílir á prestaköllunum, og með því að greiða verður þetta árgjald fyrir yfirstandandi fardagaár, og prófastar eiga að senda það svo tímanlega til biskups, að peningarnir sjeu komnir og geti orðið úthlutað á synodus, sem haldinn verður í byrjun júlímánaðar 1881, fæ jeg ekki betur sjed, en að hinum umræddu 2000 kr. fyrir fardagaárið 1881—82 ekki verði úthlutað fyrr en eptir fardaga 1882.

109 — *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um styrk til að prenta söng-*
19. júl. hepti. — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna vil jeg hjer með af sje því, sem lagt er til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, veita Jónasi organista Helgasyni hjer í bæn- um, styrk til að gefa út hepti af sönglögum og kvæðum með 3 og 4 röddum, að upphæð 20 kr. fyrir hverja prentaða örkk allt að 4 örkum.

Þetta er tjáð stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.